

Hjólreiðaping HRÍ 1. mars 2026 kl. 14.00 - Fundargerð

1. Bjarni Már Svavarson formaður HRÍ setur Hjólreiðaping ársins 2026.
2. Kosning þingforseta, Bjarni leggur til að Garðar Svanson verði kjörin þingforseti. Tillaga samþykkt af þingi með lófaklappi. Telst boðun til þings löglegt skv. lögum sambandsins.
3. Kosið er í kjörbréfanefnd þar sem Þórdís Einarsdóttir, Guðfinnur Hilmarsson og Hjalti G. Hjartarson voru kosin.
4. Kosning þingritara, Björgvin Jónsson er tilnefndur og samþykktur af þingi.
5. Bjarni formaður gefur skýrslu fráfarandi stjórnar fyrir starfsárið 2025.
6. Jóhann Arnór Elíasson gjaldkeri leggur fram skoðaða ársreikninga HRÍ fyrir starfsárið 2025. Spurning kom úr sal varðandi nánari útlistun á kostnaði Afrekssviðs á árinu 2025. Ársreikningar ársins eru samþykktir samhljóma af þinginu.
7. Kjörbréfanefnd gerir engar athugasemdir við framkomin kjörbréf. Samtals eru 15 atkvæði sem komin eru fram.
8. Ávarp gestar, Willum Þór Þórsson, forseti ÍSÍ ávarpar fundinn. Willum ber fundinum þakkir framkvæmdastjórnar og starfsfólks ÍSÍ fyrir samstarfið á árinu og okkar framlag til íþróttar og lýðheilsu og iðkenda í afreksíþróttum í þágu þjóðarinnar. Willum leggur áherslu á mikilvægi þess að koma á framfæri þökkum til þeirra sem leggja íþróttum á landinu liðs.

Stefnumótunarvinna ÍSÍ er í gangi og er hún í nánun og þéttnu samstarfi við grasrótina. Það er vilji ÍSÍ í þessari gagnadrifnu grasrótastefnumótun að kallað verði eftir upplýsingum til að geta lagt mælistiku á allt það sem við erum að leggja til þjóðarhags í víðum skilningi, þ.e. hver ávinningur samfélagsins sé af því starfi sem íþróttahreyfingin leggur til. Er þetta liður í því að styrkja samtalið við stjórnvöld landsins.

Vilja fá úr grasrótinni hvernig hún sér að hún vilji halda samstarfinu áfram, sækja fram og nýta fjármagnið sem inn kemur til að styrkja og efla íþróttastarf í landinu. Telur Willum mjög mikilvægt að ná þessu fram ef við ætlum að geta gefið okkar fremsta íþróttafólki tækifæri á því að taka þátt í landsliðsverkefnum án þess að þurfa að leggja til sínar tekjur til þess. Þetta starf er hafið með aðkomu AMÍ.

Willum nefnir að hann hafi fengið að taka þátt í verkefnum okkar landsliðsfólks á árinu og nefnir þar sérstaklega á Smáþjóðaleikunum. Hann er fullviss um að við séum að stefna í rétta átt.

Einnig var Willum á staðnum í Skopje í Norður-Makedóníu þar sem skipulagið var ekki á sem best væri á kosið. Hann er mjög þakklátur ekki síst keppendunum og Maríu fararstjóra HRÍ í þessari ferð með þeirra æðruleysi þegar kom að taka á þessu slysi sem varð þarna úti.

ÍSí hefur tekið á þessu máli og unnið hefur verið vel úr málunum eftir að heim var komið og mikill lærdómur sem ÍSí tekur frá þessari keppni þar sem mikið reyndi á þar sem skipulag mótshaldara var algjörlega óviðeigandi á allan hátt. ÍSí er þakklát Hjólreiðasambandinu sem hann segir að hafi tekið faglega á þessum málum.

Willum hvetur okkur öll að taka þátt í stefnumótun ÍSí og að við komum okkar sjónarmiðum á framfæri þar. Um sé að ræða mikilvægt verkefni til að styrkja það samstarf íþróttahreyfingarinnar og tryggja að hún eigi aðkomu að Mannvirkjamálum í landinu. En eins og staðan erí þessum málum í dag að þá höfum við enga aðkomu að ákvarðanatökum sem teknar eru varðandi mannvirkjamál íþróttahreyfingunnar í landinu.

9. Hjalti G. Hjartarson stjórnarmaður og formaður landsliðs- og afreksnefndar fer yfir starf nefndarinnar fyrir árið 2025 sem og helstu verkefni komandi árs 2026. Ákall er eftir frekari fjármagni til að standa að baki landsliðs verkefnum HRÍ þar sem það hefur sýnst sig að það fjármagn sem hefur skilað sér til okkar nýtist vel og árangurinn sannar það.

10. Bjarni formaður fer lauslega yfir Fjárhagsáætlun stjórnar vegna ársins 2026.

11. Önnur mál

Ein laga breytingatillaga er lögð fram. Einnig er tillaga sem Sunna Axelsdóttir formaður HFA leggur fram til umræðu á þinginu varðandi tilhögun skráninga í mót sumarsins 2026.

Hallgrímur Arnarson formaður Tinds ávarpar þingið og segist vera hræddur um að tillagan frá HFA komi til með að koma niður á skráningu í keppnir. Hann er þó sammála því að þetta sé ósiður innan okkar íþróttagreinar hve seint keppendur eiga það til að skrá sig til keppni.

Henning Úlfarsson nýr formaður HFR tekur að mörgu leiti undir þessa punkta sem lagðir eru fram, en telur þetta ekki framkvæmanlegt þar sem það muni koma til með að draga úr skráningum í mót. Hann bendir einnig á að betra væri að nýta jákvæða sálfræði og bjóða frekar afslátt með snemmskráningu heldur en hækkun gjalda eftir ákveðna dagsetningu fyrir mót. HFR er ekki alveg tilbúin að taka upp þetta verklag að þessu sinni.

Þórdís Einarsdóttir fyrrum formaður HFR mælir með tillögunni og bendir á að þetta muni koma til með að virka þegar þátttakendur hafa náð að venjast þessu. Hún telur þetta nauðsynlegt á

margan hátt ekki síst þá aðila sem standa að bak keppnishaldi, til að mynda fyrir þá sem útbúa verðlaunagripi móta sem og fleiri.

Bjarni formaður telur þetta vera frábær tillaga og bendir á að kerfið býður upp á þetta fyrirkomuleg við greiðslu keppnisgjalda. Hann sér hinsvegar ekki fram á að þetta fyrirkomulag henti vel t.d. í yngri flokkum eða almenningsflokkum, en að þessi regla verði sett á A-flokkana.

Sunna Axelsdóttir mælir með tillögunni og bendir á að HFA mun hafa þetta háttarlag í sínum keppnum í sumar.

Fundarstjóri leggur til að þetta mál verði vísað til stjórnar og mótanefndar HRÍ til afgreiðslu og að útfærsla á þessu verði lögð fram 1. apríl n.k. Tillagan er samþykkt einróma.

Lagabreytingatillaga var lögð fram og farið yfir hvað í henni felist. Tillagan var samþykkt samhljóma.

Þórdís Einarsdóttir kemur upp til að ræða þá vinnu sem hún hefur tekið þátt í sem formaður HFR ásamt stjórn HFR, að sveitarfélög komi til móts við hjólreiðahreyfinguna varðandi aðstöðu til æfinga. Þingið samþykkir að fela stjórn að finna til fólk til að koma þessari vinnu áfram og koma tillögum til ÍSÍ og UMFÍ.

12. Fjárhagsáætlun 2026 er samþykkt samhljóma af þinginu.

13. Kosning Kjörnefndar.

Guðfinnur Hilmarsson úr Tindi, Þórdís Einarsdóttir frá HFR og Hulda Geirdóttir úr Hjólreiðafélagi Vesturlands voru endurkjörin fyrir Hjólreiðaðings næsta árs.

14. Hannes A. Hannesson og Gunnlaugur Þráinsson báðir Víkingi eru tilnefndir sem skoðunar menn reikninga næsta árs og endurkosnir samhljóma.

15. Kosning á fulltrúum sambandsins á Íþróttapeing ÍSÍ er falið stjórn að ákveða HRÍ.

16. Kosningar til stjórnar, formanns og kjörnefndar.

Bjarni Svavarson er einn í framboði til formans og er hann kosinn samhljóða.

Til framboðs til þriggja sæta í stjórn til tveggja ára eru þau Sól Snorradóttir, Helga Lís Kvara, Elías Leví Elíasson og Ragnar Adolf Árnason. Eftir kosningu milli þeirra fjögurra eru þau Helga Lís, Ragnar og Sól lýst réttkjörin í stjórn Hjólreiðasambandsins

17. Bjarni Svavarsson slítur þingi kl. 16.10.